

Friður

Íhugunaratriði :

- Friður er að finna innri ró
- Friður er þegar öllu fólki líður vel saman
- Friður er að hugsa jákvætt um sjálfan sig og aðra
- Friður byrjar innra með okkur sjálfum

Markmið:

- Að auka upplifun af friði.
- Að auka þekkingu á friði.
- Að byggja upp hæfileika til að leysa úr ágreiningi.

Við leggjum áherslu á frið með því að:

- Tala fallega og rólega til hvors annars
- Vera kærleiksrík við fólk og dýr
- Skapa notalegt andrúmsloft
- Setja okkur og öðrum mörk og virða þau

Deilum gildum okkar til að skapa betri heim

Söngvar og þulur:

- Við erum góð
- Gleðisöngurinn
- Álfaheiði
- Það gott að vera
- Friðarsöngur
- Vinur minn
- Við erum vinir

Sögur:

- Lífsgildi barnabækur eftir Steinunni.
- Undir heillastjörnu
- Besta knús í heimi.
- Hugarflugsæfingar
- Bínu bækurnar
- Einar Áskell
- Við erum öll fædd frjáls
- Stjarnan hennar Láru
- Brosbókin
- Álfasaga um þakklæti

Umræður:

- Hvað er friður?
- Sköpum umræður með sögum og vináttuverkefni.
- Hvernig getið þið verið vingjarnleg

Að tengja lífsgildin daglegu starfi

- Við erum friðsæl í leikskólanum og leikum okkur saman
- Upplifa náttúruna
- Við spilum rólega tónlist og höfum rólega stund á morgnana
- Við erum róleg og friðsæl í matartíma og tölum saman eitt í einu og hlustum á hvert annað
- Við leggjum áherslu á friðsælt andrúmsloft í fataherbergi með því að bjóða fáum börnum í einu.
- Við höldum góðan vinnufrið svo allir geti einbeitt sér
- Við tökum vel á móti nýjum börnum og foreldrum